



KVI2B05 - Heimildamyndagerð

Námsáætlun, haustönn 2021

Kennari/kennarar:

Hákon Már Oddsson
Þiðrik Emilsson

Netfang/netföng:

hakon@bhs.is
che@bhs.is

Lýsing:

Nemendur læra undirstöðuatriði raunkvikmynda eða heimildamyndagerðar, allt frá hugmynd að fullkláraðri mynd. Farið verður í alla helstu þætti við gerð heimildamyndar:

- forframleiðsla (PreProduction) - að velja viðfangsefni, þróa hugmynd og gera upptökuáætlun.
- framleiðsla (Production) - skipulag, undirbúning og upptökur.
- eftirvinnsla (PostProduction) - klippingu, hljóðsetningu, litaleiðréttingu og útkeyrslu.

Lögð er áhersla á fræðilegan bakgrunn og sögu heimildamyndagerðar. Nemendur kynnast greiningarkerfi Bill Nichols og að beita því í eigin kvikmyndagerð.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hlutverki heimildamynda í flóru kvikmyndanna
- helstu stefnum og straumum hvað heimildamyndir varðar
- grunnþekkingu á framleiðsluferli heimildamyndar frá A-Ö

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilgreina helstu stefnur í heimildamyndagerð
- finna og velja viðfangsefni og þróa hugmynd og útfæra í handriti
- skipuleggja og undirbúa heimildamynd til upptöku
- taka upp, klippa og fullvinna heimildamynd
- sýna og kynna eigin heimildamynd, taka á móti uppbyggilegri gagnrýni og þjálfá sig í að gagnrýna verk samnemenda

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita rannsóknarvinnu til að velja viðfangsefni og kynna fyrir samnemendum (leiðsagnarmat).
- fullvinna hugmynd að heimildamynd í formi handrits og kynningar (leiðsagnarmat).
- taka upp, klippa og eftirvinna heimildamynd (leiðsagnarmat og verkefnamat).
- sýna og kynna fullbúna heimildamynd (frammistöðu- og sjálfsmat)

Námsmat:

Leiðsagnarmat, frammistöðumat, verkefnavinna, sjálfsmat, jafningjamat og símat (ástundun, þátttaka og framfarir).

- 20% rannsóknarverkefni
- 40% stuttar myndir
- 40% heimildamynd



Námsgögn:

Öll námsgögn verða á námsvettvangi Innu eða öðrum vefmiðlum eða þeim miðlum sem við komum til með að nota í áfanganum. Hluti áfangans er verkleg sýnikennsla á tæki og forrit og því mjög mikilvægt að nemendur mæti í alla tíma til að missa ekki af sýnikennslu.

Fjöldi tækja og forrita verður notað en stefnt er að því að upptökur séu í það minnsta í fullum HD gæðum (1920x1080) og öll vinnsla í samræmi við það. Eftirvinnsla er aðallega á Adobe Premium Pro og öðrum Adobe forritum sem eru notuð í hljóðsetningu, samsetningu, við grafíska vinnslu og hönnun á kynningarefni.

Lögð er áhersla á að kynna verkefni og hugmyndir “pitch” bæði með skyggnum og á annan sjónrænan hátt og að þau gögn séu öllum aðgengilegt (Google doc og sambærilegt).

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Mikilvægt er að nemendur horfi á heimildamyndir sem eru aðgengilegar á vefnum eða streymisveitum. Einnig eru heimildamyndir sýndar á RÚV og öðrum sjónvarpsstöðvum.

Áfanginn er kenndur samtíma KVI2C02 (tækni I) og eru áfangarnir samvinnnaðir og samkeyrðir að hluta.

Nauðsynlegt er að nemendur mæti með eigin heyrnatól.

Vegna kórónuveirufaraldursins og þeirrar óvissu sem fylgir í kjölfarið áskilur kennari sér rétt til að breyta fyrirhugaðri námsáætlun og/eða kennslufyrirkomulagi með litlum fyrirvara í samráði við nemendur.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	18.-20. ágúst	Kynning á áfanga #1 rannsóknarverkefni / kynning	
2	23.-27. ágúst	#2 rannsóknarverkefni heimildamynd Hugmyndavinna	
3	30. ágúst- 3. sept.	Mynd #1 – upptaka / klipping	
4	6.-10. sept.	Mynd #1 – kynning / umræða	Nýnemahátíð
5	13.-17. sept.	#3 rannsóknarverkefni hljóð Hljóð & mynd	
6	20.-24. sept.	Mynd #2 – upptaka / klipping	
7	27. sept.- 1. okt.	Mynd #2 – upptaka / klipping	Varða I
8	4. okt.- 8. okt.	Mynd #2– kynning / umræða	Heilsudagur
9	11. okt.- 15. okt.	#4 rannsóknarverkefni raunveruleikinn Helst í fréttum	
10	18. - 21. okt.	Mynd #3 – handrit / undirbúningar	Hausthlé
11	26. - 29. okt.	Mynd #3 – kynning / umræða	Hausthlé
12	1.-5. nóv.	#5 rannsóknarverkefni frásögn Heimildamynd	Varða II
13	8.-12. nóv.	Mynd #4 – handrit / undirbúningar	
14	15.-19. nóv.	Mynd #4 – upptaka / klipping	
15	22.-26. nóv.	Mynd #4 – upptaka / klipping	
16	29. nóv - 3. des.	Mynd #4 – klipping / eftirvinnsla	
17	6.-10. des.	Mynd #4 – kynning / umræða / lokaskil	
18	13.-17. Des.	Lokaskil / einkunnaskil	Kennslu lýkur Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.